

# Lög

## um breytingu á lögum um fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, nr. 38/2020 (framhald á lokunarstýrkjum).

### 1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Rekstraraðili sem sækir um lokunarstýrk fyrir lokunartímabil eftir 17. september 2020 skal hafa hafið þá starfsemi sem sætir takmörkun á samkomum minnst einum almanaksmánuði áður en lokunartímabil hefst.

### 2. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný orðskýring, í rétttri stafrófsröð, svohljóðandi: *Lokunartímabil*: Þeir dagar sem rekstraraðila er samfelld gert að loka samkomustað eða láta af starfsemi eða þjónustu vegna ákvarðana heilbrigðisráðherra um takmörkun á samkomum vegna farsóttar sem birtar eru á grundvelli 2. mgr. 12. gr. sóttvarnalaga, nr. 19/1997.

### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- Við 1. tölul. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sama gildir jafnframt ef honum var gert að loka samkomustað eða láta af starfsemi eða þjónustu tímabundið vegna ákvarðana heilbrigðisráðherra um takmörkun á samkomum vegna farsóttar sem birtar voru á grundvelli 2. mgr. 12. gr. sóttvarnalaga, nr. 19/1997, og tóku gildi 18. september 2020 eða síðar.
- Við 2. tölul. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Tekjur rekstraraðila sem fellur undir 3. másl. 1. tölul. skulu vera a.m.k. 75% lægri á lokunartímabili en á jafnlöngu tímabili í næstu heilu almanaksmánuðum á undan þar sem ekki kom til lokunar eða stöðvunar starfsemi eða þjónustu.
- Við 3. tölul. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Í tilviki rekstraraðila sem fellur undir 3. másl. 1. tölul. er heimilt að miða við að tekjur séu a.m.k. 350 þús. kr. á mánuði miðað við næsta heila almanaksmánuð á undan þar sem ekki kom til lokunar eða stöðvunar starfsemi eða þjónustu.

### 4. gr.

Á eftir 3. mgr. 5. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fjárhæð lokunarstyrks á grundvelli 3. másl. 1. tölul. 4. gr. skal vera jafnhá rekstrarkostnaði rekstraraðila á lokunartímabili. Lokunarstyrkur á grundvelli 3. másl. 1. tölul. 4. gr. getur þó ekki orðið hærri en 600 þús. kr. á hvern launamann sem starfaði hjá rekstraraðila í upphafi lokunartímabils fyrir hverja 30 daga lokun og hlutfallslega lægri fyrir styttra tímabil. Fjöldi launamanna miðast við fyrirliggjandi staðgreiðsluskilagreinar eins og þær lágu fyrir á lokunartímabilinu.

Heildarfjárhæð lokunarstyrkja til tengdra rekstraraðila getur að hámarki numið 120 millj. kr. Sé um að ræða fyrirtæki sem taldist í erfiðleikum 31. desember 2019 getur heildarfjárhæð lokunarstyrkja þó að hámarki numið 30 millj. kr., nema ef um er að ræða lítil fyrirtæki, enda hafi þau ekki hlotið björgunar- eða endurskipulagningaraðstoð.

## 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 6. gr. laganna:

- a. Á eftir 2. másl. kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Umsókn um lokunarstyrk á grundvelli 3. másl. 1. tölul. 4. gr. skal beint til Skattsins eigi síðar en þremur mánuðum eftir að lokunartímabili lýkur.
- b. Við bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Skattinum er heimilt að afgreiða umsóknir sem berast að liðnum umsóknarfresti og fram til 30. júní 2021, enda séu önnur skilyrði laga þessara uppfyllt.

## 6. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Stuðningur til fyrirtækja skv. III. kafla skal samræmast reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1407/2013 frá 18. desember 2013 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart minniháttaraðstoð eins og hún var tekin upp í EES-samninginn. Sama á við um stuðning skv. II. kafla til fyrirtækja að því marki sem um er að ræða fyrirtæki sem töldust í erfiðleikum 31. desember 2019, önnur en lítil fyrirtæki.

## 7. gr.

Við 26. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Réttur til lokunarstyrks skv. II. kafla getur í síðasta lagi stofnast 30. júní 2021.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði b-liðar 5. gr. gildir afturvirkir frá gildistöku laga nr. 38/2020.

---

*Samþykkt á Alþingi 5. nóvember 2020.*